



Núpalind 3
201 Kópavogur
Sími: 441-6600
Netfang: nupur@kopavogur.is
Veffang: <http://nupur.kopavogur.is>

Velkomin í leikskólann Núp

Núpur var opnaður 4. janúar 2000. Leikskólinn dregur nafn sitt af nafni götunnar sem hann stendur við.

Í leikskólanum Núpi eru 5 deildir:

Brekka, Hvammur, Höfði, Lundur og Þúfa

Í leikskólanum geta dvalist 98 börn samtímis.



Leikskólaráðgjafar:

Marianna Einarsdóttir og Vigdís Guðmundsdóttir (tekur til starfa okt 2019) eru leikskólastjórum og öllum starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar um fagleg málefni, samskipti og samstarf.

Netföng:

marianna@kopavogur.is

vigdís@kopavogur.is

Sérkennslufulltrúi: Anna Karen Ásgeirsdóttir, sinnir ráðgjöf við starfsfólk leikskóla og foreldra vegna sérkennslubarna.

Símatími: föstudaga kl. 13-14.

netfang: annak@kopavogur.is

Sálfræðingur, talkennari og iðjuþjálfari eru í hlutastarfi við leikskólana og sinna ráðgjöf við starfsfólk.

Innritunarfulltrúi: Hanna S. Sigurðardóttir, sér um skráningu barna á biðlista og innritun í samráði við leikskólastjóra.

Símatímar: alla daga frá kl. 11 –12, nema miðvikudaga.

netfang: hannass@kopavogur.is

Skrifstofa fræðsluviðs er opin kl. 8.30-15.00 virka daga en skiptiborð er opið til kl. 16.30.

Sími á leikskóladeild er 570-1600. Fax: 570-1601

Með kærri kveðju og ósk um gott og ánægjulegt samstarf.

Starfsfólk Núps

Begar börn hætta í leikskólanum er kveðjustund í samvinnu við starfsfólk deildarinnar. Mikilvægt er að samvinna sé á milli leikskólans og foreldranna um það hvernig börnin kveðja skólann sinn og féлага.

Upplýsingar milli skólastiga.

Samkvæmt 16. gr. laga um leikskóla skulu persónuupplýsingar, sem fyrir liggja un hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Menntasvið

Leikskólinn heyrir undir leikskóladeild Fræðslusviðs Kópavogs sem er til húsa í Fannborg 2, 2. hæð. Fræðslusvið annast stjórn, rekstur og þjónustu vegna leik og grunnskóla.

Sviðsstjóri menntasviðs er Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

netfang: annabs@kopavogur.is

Starfsmenn leikskóladeildar eru:

Leikskólafulltrúi: Sigurlaug Bjarnadóttir er yfirmaður leikskóladeildar og jafnframt leikskólastjóra og hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskólanna. Símatímar: mánud. kl. 13-14 og miðvikud. og föstud. kl. 11-12.

Viðtalstímar: mánud. kl. 11-12 og miðvikud. kl. 9-11.

netfang: sigurlaugb@kopavogur.is

Kynning á starfsfólki leikskólans:

Leikskólastjóri:

Svana Kristinsdóttir

Netfang: svanak@kopavogur.is

Aðstoðarleikskólastjóri:

Bryndís Baldvinsdóttir

Netfang: bryndisba@kopavogur.is

Deild

barnsins: _____

Deildarstjóri:

Netfang: _____

Starfsfólk deildarinnar:

Sérkennslustjóri leikskólans:
Sunna Einarsdóttir
Netfang: sunnae@kopavogur.is

Annað starfsfólk:

Matráður:
Ingigerður Friðgeirsdóttir
Netfang: ingigerdur@kopavogur.is
starfsfólk í eldhúsi:
Monika Hryn aðstoðarmatráður

Formaður foreldrafélags:

Netfang foreldrafélags: ffnups@gmail.com



Dvalargjöld

Dvalargjöld eru innheimt rafrænt, greitt er fyrirfram og er eindagi 10. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir. Ef 3 mánuðir eru ógreiddir er barninu sagt upp leikskólarymi, en áður er sent út áminningarbref. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir leikskólarymið, nema ef um er að ræða samfelld veikindi barns í meira en hálfan mánuð, þá fæst helmingur dvalargjalds fyrir þann tíma dreginn frá gegn framvísun læknisvottorðs.

Einstæðir foreldrar og námsmenn í fullu námi greiða lægra gjald gegn framvísun vottorða.

Dvalarsamningur og dvalartími

Foreldrar skrifa undir dvalarsamning þegar barn byrjar í leikskólanum. Þar er tilgreindur sá tími sem barnið er í leikskólanum.

Foreldrar eru minntir á að virða þann tíma sem samið hefur verið um. Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til dvalarsamninganna.

Ef foreldrar óska eftir breytingu á dvalartíma barnanna sækja þeir um hjá leikskólastjóra. Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfseminni eða börnunum.

Breytt heimilisfang og breytingar á högum

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla breytingar á högum sínum svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að foreldrar láti deildarstjóra vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins.

Óhöpp, slys og veikindi

Börn í leikskólum Kópavogsbæjar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi, eða veikist, er haft samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á slyshadeild eða heilsugæslustöð.

Veikindi barna

Leikskólinn er ætlaður full frískum börnum og gert er ráð fyrir að þau taki þátt í öllu starfi bæði úti og inni. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veiku barni. Börn sem eru veik eiga að vera í rólegheitum heima þar til þau eru frísk og geta tekið virkan þátt í öllu starfi leikskólans. Ef barn fær smitandi sjúkdóm á það að vera heima þar smit-hætta er liðin hjá.

Foreldrar verða að sækja veik börn í leikskólann svo að veika barnið komist í rólegt umhverfi og til að minnka hættu á að önnur börn og starfsmenn smitist.

Leikskólabörn þurfa að vera það hress að þau geti tekið fullan þátt í leik og starfi. Við getum ekki komið til móts við beiðnir um fyrirbyggjandi inniveru þar sem það stangast á við stefnu leikskólans um útiveru barna.

Það er ekki hægt að koma í veg fyrir veikindi með því að vera inni. Útivera er hluti af starfsemi leikskólans og börnum mjög mikilvæg. Við stefnum að því að hvert barn fari út hið minnsta einu sinni á dag og útiveru er ekki sleppt nema í algjörum undantekningartilfellum. Þau börn sem eru inni allan daginn eru í sama loftinu allan tímann og ná ekki að hreinsa lungun, styrkja sig og efla.

Lyfjagjafir

Ef barnið þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfja-gjöfinni þannig að lyfin séu gefin heima, en ekki í leikskólanum nema það sé óhjákvæmilegt.

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barna-hópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldra-samstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

Sérkennslustjóri starfar við sérkennslu og ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu á öllum deildum. Hann er deildarstjórur til ráðuneytis og ber einnig ábyrgð á samstarfi við foreldra þeirra barna sem njóta sérkennslunnar.

Leikskólasérkennari, leikskólakennari, þroskaþjálfari eða leiðbeinandi starfa á deildum vegna sérkennslu einstakra barna.

Matráður og starfsfólk í eldhúsi sér um matartilbúning og þvotta.

Ræstitæknar sjá um þrif.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Að byrja í leikskóla - Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra/forráðamenn þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er reynt að standa vel að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins.

Meðan á aðlöguninni stendur er mikilvægt að báðir foreldrar/forráðamenn kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni.

Skipulag og markmið aðlögunar.

Foreldrar (foreldri) koma án barns í móttökuvíðtal. Foreldrar hitta deildarstóra, gera dvalarsamning og fylla út önnur plögg varðandi barnið og leikskóladvöl þess.

Markmið:

- Að foreldrar (foreldri) þekki þá sem koma til með að taka á móti barninu
- Að foreldrar viti hvar deild barnsins er
- Að foreldrar fái hugmynd um starfsemi leikskólans

Foreldrar eru með barni sínu í leikskólanum í 3 daga á meðan þátttökuaðlögun fer fram og kynnast með barninu starfsmönnum og börnum deildarinnar. Mikilvægt er að foreldrar gefi sér góðan tíma í aðlögunina og séu afslappaðir með barni sínu á meðan á aðlögun stendur.

Markmið:

- Að barnið kynnist starfsmönnum og börnum
- Að barnið verði öruggt í leikskólanum
- Að barnið og foreldrar verði tilbúin að kveðjast

Klæðnaður barna

Mikilvægt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur og hæfi veðri. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér aukafatnað og að hann sé vel merktur. Athugið að reimar í fötum og hangandi treflar geta verið hættulegir barni í leik

Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í föt barnanna það er því mikilvægt að klæða börnin í samræmi við það. Trygging tekur ekki til óhappa sem verða á fötum barnsins eða öðru sem það hefur með sér í leikskólann. Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman. Hólf barnanna þarf að tæma á föstudögum vegna þrifa. Ákveðið hefur verið að draga úr notkun plastpoka eins og mögulegt er. Vegna þess verða blaut og óhrein föt ekki sett í plastpoka nema nauðsyn krefji. Ætlast er til að foreldrar noti fjölnotapoka undir óhrein föt.

Afmæli barnanna-

Afmælisdagur er stór dagur fyrir hvert barn. Í Núpi eru afmæli barnanna haldin hátíðleg inni á deildum þar sem börnin gera sér kórónu, afmælissöngurinn sunginn, íslenski fáninn er settur á borðið þeirra í hádeginu og mynd af þeim fer á hurðina inn á deild. Afmælisbarni dagsins á yngri gangi er boðið að koma með bók að heiman eða velja bók/loðtöflusögu sem er lesin í samverunni fyrir mat og afmælisbarni dagsins á eldri gangi velur bók fyrir bókabíó. Öll börn fá svo að velja sér fallett afmælistatarstell til að borða af í hádeginu og dagurinn er gerður þeim minnisstæður

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru fimm á ári. Skipulagsdaga notar starfsfólk til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf leikskólans. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum og eru þeir auglýstir í fataherbergjum og á skóladaðgatali skólans.

Sumarleyfislokun - aðfangadagur og gamlársdagur

Leikskólinn er lokaður í 4 vikur vegna sumarleyfa. Í byrjun árs kjósa foreldrar um á hvaða tíma leikskólinn fer í frí. Niðurstaðan er kynnt þegar kosningu er lokið. Lokað er á hádegi (kl. 13.00) síðasta dag fyrir sumarleyfi og opnað á hádegi (kl. 13.00) fyrsta dag eftir sumarleyfislokun. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag.

Hagnýtar upplýsingar

Að koma og fara

Leikskólakennararnir leggja áherslu á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið. Ætlast er til að foreldrar fylgi barninu inn á deild og láti starfsmann deildarinnar vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það þannig að starfsmenn leikskólans viti alltaf hvaða börn eru í þeirra umsjá.

Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um.

Gott er að gefa sér tíma til að leyfa barninu að ganga frá þeim efnivið sem það er að leika sér með áður en farið er heim.

Vinsamlegast lokið alltaf hliðinu öryggisins vegna bæði þegar þið komið og farið.

Athugið að það skapar hættu og er mikill mengunarvaldur að hafa bíla í lausagangi á bílastæðunum. Það má ekki leggja við gulu línuna.

Persónulega skúffan

Hvert barn á sérstaka skúffu. Enginn annar má fara í skúffu barnsins án leyfis þess. Í skúffunni geymir barnið persónulega muni, föt, og myndir eða önnur verkefni sem það hefur verið að vinna að í leikskólanum. Það er mikilvægt fyrir barnið að eiga eitthvað persónulegt í leikskólanum þar sem að öðru leyti er svo mikið um samvinnu, samveru og sameign. Gott er fyrir foreldra að kíkja í skúffuna daglega.

Leikföng

Börnin mega koma með mjúkt dýr, bók/stílabók/teikniblokk eða geisladisk að heiman. Við miðum við að börnin komi ekki með fleiri en einn hlut í einu og að það sé ekki stærra en að það komist í skúffu barnsins. Önnur leikföng eru ekki æskileg í leikskólann. Leikskólinn tekur ekki ábyrgð á einkaleikföngum. barnanna.

Flutningur milli deilda

Þegar kemur að því að barn flytjist milli deilda fer barnið í heimsóknir á nýju deildina í þrjá daga í fylgd leikskólakennara sem þau þekkja. Oftast flytja nokkur börn í einu milli deilda og hafa þannig stuðning hvert af öðru. Deildarstjóri og aðrir starfsmenn nýju deildarinnar taka á móti barninu. Á fjórða degi telst barnið alflutt á nýju deildina.

Fjarvistir barna

Vinsamlegast tilkynnið sem fyrst að morgni ef barn er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða fría í síma 441-6600 eða á netfangið: nupur@kopavogur.is

Haust 2019 er áætlað að tekið verði í notkun app fyrir foreldra en þar verður einnig hægt að tilkynna forföll

Leikskólastarf - Námskrá leikskólans

Leikskólastarf á Íslandi byggist á lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út. Leikskóli er lögum samkvæmt uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem börn læra og þroskast í leik. Leikskólauppeldi er sérstakt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra. Námskrá Núps er að finna á heimasíðu leikskólans <http://nupur.kopavogur.is/> Þeir sem ekki geta nálgast hana á heimasíðunni geta fengið lánað eintak í leikskólanum.

Í Kópavogi er unnið eftir jafnréttisáætlun sem hefur það að markmiði að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni m.a. til að jafna stöðu kynjanna og veita börnum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna.

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs felur í sér ábyrga umgengni og virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Eineltisstefna leikskóla Kópavogs hefur það að markmiði að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim.

Opið hús

Leikskólinn býður foreldrum á opið hús í maí ár hvert. Fyrirkomulag opna hússins er mismunandi og auglýst í fataherbergjum.

Foreldraráð

Við leikskólann starfar foreldraráð sem kosið er til á árlegum aðalfundi foreldrafélags Núps. Hlutverk foreldraráðs er m.a. að gefa umsagnir til leikskólanefndar um skólanámskrá og fylgjast með framkvæmd hennar og annara áætlana innan leikskólans. Sjá nánar um hlutverk og starfsemi foreldraráðs á kynningarblaði.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag. Landssamtök foreldrafélaga styðja við bakið á foreldrafélögum og veita ýmsar upplýsingar.

Kosið er í stjórn foreldrafélags Núps á aðalfundi félagsins í september ár hvert.

Foreldrafélagið gefur út rafræn fréttabréf nokkrum sinnum á ári.

Hægt er að hafa samband við stjórn foreldrafélagsins á netfangið foreldrafelagnups@gmail.com

Sjá nánar á kynningarblaði um foreldrafélagið.

Ferða/skemmtisjóður

Foreldrafélagið er með sjóð sem ætlaður er til ráðstöfunar í þágu barna leikskólans eftir ákvörðun stjórnar foreldrafélagsins. Á aðalfundi foreldrafélagsins er farið yfir ársreikninga og árgjald foreldrafélagsins ákveðið.

Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Við hvetjum báða foreldra til að taka þátt í samstarfinu.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og til að taka þátt í starfinu. Hafið samband við deildarstjóra ef þið óskið eftir að dvelja í leikskólanum.

Foreldraviðtöl

Tilgangur foreldraviðtala er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið, líðan þess og framgang. Foreldraviðtöl við deildarstjóra eru að jafnaði tvö á ári, annað á haustönn og hitt á vorönn. Foreldrum er auk þess alltaf velkomnið að biðja um foreldraviðtal við deildarstjóra eða leikskólustjóra

Foreldrafundir

Tilgangur foreldrafunda er að miðla upplýsingum um uppeldisstarfið í leikskólanum.

Í byrjun haustannar er vetrarstarfið kynnt fyrir öllum foreldrum.

Í október er foreldrafélagið með sinn aðalfund.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra er haldin áður en aðlögun að hausti byrjar.

Upplýsingatöflur

Upplýsingatöflur leikskólans í fataherbergjum er ætlað að koma á framfæri upplýsingum til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með upplýsingum á töflunni.

Einnig eru tilkynningar um ýmis málefni hengd upp á hurðum deilda, útihurðum og á þurrkskápum í fataherbergjum. Viðurðadagatal er á heimasíðu Núps.

Haustið 2019 er áætlað að taka í notkun Völu-app fyrir upplýsingagjöf til foreldra.

Í lögum um leikskóla eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið:

- * *Að búa börnum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi.*
- * *Að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.*
- * *Að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar.*
- * *Að stuðla að umburðarlyndi og viðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.*
- * *Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellri þróun.*
- * *Að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.*



Leikskólanám

Í námskrá leikskólans er tekið á fjölmörgum þáttum sem barnið er að tileinka sér og læra í samvinnu og samskiptum við aðra í leikskólanum.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþæfni, fegurðarskyn og sköpunarþæfni, siðgæði og siðgæðisvitund.

• Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna.

• Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra.


• Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni.

Sérkennsla

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri og það er talinn ávinningur fyrir alla að þar sé fjölbreytt samfélag. Sum barnanna eru fötluð eða þurfa af ýmsum ástæðum sérkennslu. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar.

Sérkennslan er tvinnuð inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns.



Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans og ákveðnar tímasetningar gefa starfinu ákveðna festu og veita hverju barni öryggi. Leikskólinn er opin frá kl. 7.30 til kl. 16.30

Dagskipulag Núps

YNGRI	ELDRI
7.30-8.00 Róleg stund	7.30-8.00 Róleg stund
8.00-11.20 Ávaxtastund, / frjáls leikur / snillikennsla/ úti- vera, samverustund	8.00-12.15 Ávaxtastund, / frjáls leikur / snillikennsla/ meistarahópar/ úti- vera, samverustund
11.10-12.00 Hádegismatur	12.00-13.00 Hádegismatur
12.00-14.00 Hvíld frjáls leikur / fín- hreyfivinna	13:00-15.15 Hvíld, hópastarf / frjáls leikur / meistarahópar/ úti- vera, samverustund
Úti- vera samverustund	
14.20-14.50 Síðdegishressing	15.15-15.45 Síðdegishressing
15.00-16.30 Úti- vera / frjáls leikur/róleg stund	15.45-16.30 Úti- vera / frjáls leikur/róleg stund

• Nám í daglegu lífi í leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins. Hann er kennsluáðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér sama og að læra og leita sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur er talinn “leikur leikjanna”. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í leik.

Frjálsi leikurinn er stór þáttur í daglegu starfi í leikskólanum, við leggjum áherslu á að gefa honum góðan tíma og að starfsfólkið sé til staðar með börnunum þeim til aðstoðar og sem þátttakendur í leiknum þegar það á við. Í vali eru börnin í frjálsum leik á þeim svæðum sem þau velja sér, börnin eru einnig í frjálsum leik á deildum.

Samskipti í leikskólanum skipta miklu máli. Börnin eru í samskiptum við mörg börn allan daginn, í litlum eða stórum hópum. Börnin eru hvött til að sýna öðrum börnum umburðarlyndi og hjálpssemi. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Stuðlað er að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum drengja og stúlkna. Unnið er með vináttuverkefni Barnaheilla þar sem bangsinn Blær kennir börnunum umburðuarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.

Einkunnarorð leikskólans, sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði, fela í sér stefnu leikskólans

Sjálfstæði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að vera óháður öðrum.

Við viljum að:

- barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekkir sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við
- leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði
- börnin læri að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir

Sköpun:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að skapa, búa til.

Við viljum að:

- barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á.
- leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið fái notið sköpunargleði sinnar
- leikskólakennarinn styðji og styrki sjálfstæða sköpun barnsins þannig að það geti skapað á eigin forsendum í samvinnu og samskiptum við aðra.
- umhverfið ýti undir og gefi tækifæri á skapandi hugsun og auknu hugmyndaflugi

Samvinna:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það samstarf þar sem menn vinna saman og hjálpa hver öðrum.

Við viljum að:

- börnin læri að vinna saman
- barnið í öðlist betri sjálfsþekkingu gegnum samvinnu
- samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp
- leikskólakennarinn hjálpi börnunum að vinna saman og eiga góð samskipti.
- leikskólakennararnir verði börnunum góð fyrirmynd í samvinnu og samskiptum
- umhverfið í leikskólanum verði hvetjandi til samvinnu og samhjálp.

Gleði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það ánægja, gott skap, teiti.

Við viljum að:

- leikskólastarfið verði gleðiríkt þannig að börnin njóti leikskóladvalar sinnar
- leikskólakennarinn stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik
- leikskólinn stuðli að aukinni gleði í leik og starfi þannig að barnið læri að þekkja sjálft sig með glöðum og ánægðum hug.
- gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman.
- barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekkir sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við
- leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði
- börnin læri að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir